



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga með síðari breytingum (aldursgreining), þskj. 233, 230. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Tekur skrifstofan undir markmið frumvarpsins, þ.e. að breyta framkvæmd aldursgreiningar á þann veg að hún fari fram með heildstæðu mati án líkamsrannsóknar þegar grunur leikur á að umsækjandi sem segist vera barn sé lögráða og ekki er hægt að staðfesta það með óyggjandi hætti. Telja má að þær aðferðir sem beitt er hér á landi við greiningu á aldri umsækjenda um alþjóðlega vernd uppfylli ekki skilyrði 39. gr. reglugerðar um útlendinga en þar segir að við greiningu á aldri skuli fara fram heildstætt mat á aðstæðum einstaklings og frásögn hans af ævi sinni en að auki megi beita líkamsrannsókn. Ljóst er að tanngreiningar eru ekki nákvæmar og hætt við röngum aldursgreiningum. MRSÍ hefur enda vitneskju um tilvik þar sem í ljós kom að barn sem ranglega var metið eldra en 18 ára reyndist yngra og þar að auki skal á það bent að margir þessara einstaklinga hafa verið á flóttu frá barnsaldri og aðstæður þeirra í litlu eða engu betri þó þeir hafi náð 18 ára aldri. Því ætti fyrst og fremst að styðjast við heildstætt mat á aðstæðum einstaklings og frásögn hans af ævi sinni svo sem áður segir. Evrópuráðið hefur gefið út skýrslu um aldursgreiningar þar sem finna má gagnlegar leiðbeiningar um hvað felist í heildstæðu mati.¹

MRSÍ bendir jafnframt á að ýmsar innlendar og alþjóðlegar stofnanir hafa gagnrýnt framkvæmd tanngreininga hérlendis. Má þar nefna Rauða kross Íslands, Evrópuráðið, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Tekur MRSÍ undir athugasemdir þeirra og hvetur til lögleiðingar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ <https://rm.coe.int/age-assessment-council-of-europe-member-states-policies-procedures-and/168074b723>.